

Nd.

28. Frumvarp til laga

[28. mál]

um breyting á útvarpslögum, nr. 19/1971.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson.

1. gr.

Fyrirsögn I. kafla laganna verði: **Almennt um útvarpsrekstur**, og 1. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð merkir í lögum þessum fyrirtæki eða stofnun sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er bráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Heimilt er menntamálaráðherra að veita sveitarfélögum, menntastofnunum og einstaklingum leyfi til útvarpsrekstrar. Hver sá, sem vill reka útvarpsstöð, skal sækja um leyfi til ráðherra, er leitar umsagnar útvarpsráðs og póst- og símamálastjórnarinnar um allar slíkar umsóknir.

Leyfisveitingar til útvarpsrekstrar fyrrgreindra aðila eru háðar þeim skilyrðum, að hjá útvarpsstöð starfi dagskrárstjóri, er hafi reynslu í dagskrárgerð fyrir fjölmiðla, og enn fremur tæknistjóri, er hafi meistararéttindi í útvarpsvirkjun eða loftskeytamannspróf.

Rekstrarleyfi skal veitt til þriggja ára í senn og endurnýjast sjálfkrafa ef það er ekki afturkallað 6 mánuðum áður en gildistími rennur út.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöð er heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöðvar, flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem eru sérstaklega framleidd fyrir útvarp, enda fullnægi tækin reglum, sem póst- og símamálastjórnin setur um öldutíðni, útgeislun o. fl., svo sem ákveðið er samkv. alþjóðasamþykktum og reglugerðum varðandi fjarskipti, sem Ísland er aðili að.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsstöðvar skulu stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu í einstökum greinum, þ. á m. umferðar- og slysavarnarmálum. Þær skulu kappkosta að halda uppi rökræðum um hvers konar málefni, sem almenning varða, á þann hátt, að menn geti gert sér grein fyrir mismunandi skoðunum um þau. Þær skulu halda uppi fréttabjónustu og veita fréttaskýringar. Þær skulu flytja fjölbreytt efni við hæfi fólks á öllum aldri. Útvarps-efni skal miða við fjölbreytni íslensks þjóðlifs svo og við þarfir og óskir minni hluta sem meiri hluta. Veita skal alla þá þjónustu sem unnt er með tækni útvarpsins og almenningi má að gagni koma. Útvarpsstöðvar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum, stofnunum, félögum og einstaklingum.

4. gr.

4. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Útvarpsráð**, og orðist svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráð skal vera Alþingi og ríkisstjórn ráðgefandi um allt það er að útvarpsmálum í landinu lýtur. Skal ráðið bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur sem það telur nauðsynlegar hverju sinni. Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Útvarpsráð skal vera umsagnaraðili gagnvart menntamálaráðherra um veitingu leyfis til útvarpsrekstrar og annast eftirlit með því, að útvarpsstöðvar fylgi lagaákvæðum um markmið með útvarpsrekstri, sem upp eru talin í 3. gr. I. kafla þessara laga. Getur ráðið mælt með því við menntamálaráðherra, að rekstraraðili útvarpsstöðvar verði sviptur leyfi, ef sýnt er að brotin hafa verið ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur.

Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni í Ríkisútvarpinu skuli hagað í höfuðdráttum, og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá þess, áður en hún kemur til framkvæmda. Ákvarðanir útvarpsráðs um dagskrárefni Ríkisútvarpsins eru endanlegar.

6. gr.

6. gr. laganna verði fyrsta grein í nýjum kafla með fyrirsögninni: **Ríkisútvarp**, og orðist svo:

Ríkisútvarp skal starfrækt og vera sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, og reisir það sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum.

7. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Forseti Íslands skipar útvarpsstjóra, sem annast rekstur Ríkisútvarpsins, sér um fjárreiður þess og semur ár hvert fjárhagsáætlun þess.

Útvarpsstjóri undirbýr og stjórnar framkvæmd dagskrár og gætir þess, að settum reglum um hana sé fylgt.

Útvarpsstjóri gefur út reglur um frétttaflutning og auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi, þ. á m. auglýsingatíma, að fengnu samþykki útvarpsráðs.

Undir yfirstjórn útvarpsstjóra starfar Ríkisútvarpið í þremur deildum: fjármáladeild, sem fjallar um sameiginleg mál stofnunarinnar, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild. Framkvæmdastjóri er fyrir hverri deild.

Framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins skipa útvarpsstjóri, framkvæmdastjórar og formaður útvarpsráðs. Útvarpsstjóri er formaður stjórnarinnar. Skal framkvæmdastjórn vinna að samræmingu í starfi deilda og gera tillögur um önnur mál, sem fyrir hana verða lögð.

Starfsmenn Ríkisútvarpsins, aðrir en framkvæmdastjórar, skulu ráðnir af útvarpsstjóra, þó að fengnum tillögum útvarpsráðs, ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Framkvæmdastjórar skulu skipaðir af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

8. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna, sem verður IV. kafla, verði: **Dreifing og réttindi Ríkisútvarpsins**, og 8. gr. laganna breytist á þessa leið:

Á eftir orðinu „Ríkisútvarpið” í 1. mgr. bætist: og aðrar útvarpsstöðvar.

Aftan við greinina bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Heimilt er Ríkisútvarpinu og Landssíma Íslands að leigja öðrum útvarpsstöðvum

afnot af sendistöðvum og endurvarpsstöðvum eftir því sem tækjabúnaður og aðstæður leyfa.

9. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný mgr., er hljóðar svo:

Skerðingarákvæði þessarar lagagreinar ná þó ekki til útvarpsstöðva, sem starfræktar eru samkvæmt sérstöku leyfi ráðherra.

10. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna, sem verður V. kafli, verði: **Fjármál Ríkisútvarpsins og annarra útvarpsstöðva**, og við 13. gr. laganna bætist svo hljóðandi mgr.:

Með sama hætti og að framan greinir skal öðrum útvarpsstöðvum heimilað að afla tekna með auglýsingum eða sérstöku gjaldi vegna útsendingar fræðslu- og skýringarefnis eða annars efnis, sem viðskiptavinir viðkomandi stöðvar kynnu að vilja koma á framfæri við almenning. Útvarpsstöðvar lúta að öllu leyti lögum um tekjuskatt og eignarskatt í samræmi við ákvæði gildandi laga fyrir þau rekstrarform sem stöðvarnar kunna að vera reknar undir.

11. gr.

Fyrirsögn IV. kafla laganna, sem verður VI. kafli, verði: **Ábyrgð á flutningi efnis í útvarpi**, og 22. gr. laganna breytist sem hér segir:

6. mgr. hljóði svo:

Útvarpsstjóri viðkomandi stöðvar ber ábyrgð á öðru efni.

7. mgr. hljóði svo:

Nú hefur tiltekinn starfsmaður Ríkisútvarpsins eða útvarpsstöðvar, sbr. 4. mgr., eða útvarpsstjóri, sbr. 6. mgr., orðið fébótaskyldur, og ber Ríkisútvarpið eða viðkomandi útvarpsstöð þá ásamt honum ábyrgð á greiðslu bóta.

12. gr.

2. mgr. 23. gr. laganna hljóði svo:

Skylt er útvarpsstöðvum að veita hverjum þeim, sem telur rétti sínum hafa verið hallað með útsendingu á útvarpsefni, fullnægjandi upplýsingar um, hver ábyrgð hafi borið á útsendingunni samkvæmt ákvæðum 22. gr.

13. gr.

24. gr. laganna breytist sem hér segir:

1. másl. 1. mgr. hljóði svo:

Brot gegn lögum þessum og óheimil hagnýting útvarpsefnis samkvæmt 12. gr. varða sektum.

Úr 3. másl. 1. mgr. falli orðin „sbr. 2. gr.“ niður.

Aftan við 1. mgr. komi nýr másl. svo hljóðandi:

Undanþegnar þessu ákvæði eru útvarpsstöðvar, sem hlotið hafa leyfi til starfrækslu samkvæmt lögum þessum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 8 12. mars 1975.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram undir lok síðasta þings og kom því ekki til umræðu og afgreiðslu. Þegar það er nú endurflutt í upphafi 99. löggjafarþings er Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, lokað vegna verkfalls opinberra starfsmanna. Af þessum sökum býr þjóðin við algjört þjónustuleysi á þessu mikilvæga sviði nútímafjölmiðla. Kemur það þúsundum manna mjög illa og einkum því fólki, sem býr í afskekktum landshlutum. Hið alvarlega ástand, sem skapast hefur við

verkfall opinberra starfsmanna, undirstrikar enn frekar þörfina fyrir að afnema þá einokun og rjúfa þá fjötra, sem þjóðin býr við í rekstri hljóðvarps og sjónvarps, ef hérlendis á að ríkja frjáls og óheft skoðanamyndun.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einkaleyfi ríkisins á útsendingum til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum og öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt, verði afnumið. Jafnframt verði ráðherra heimilað að veita öðrum leyfi til útvarpsrekstrar að fullnægðum ákveðnum skilyrðum, er ráðherra setur í reglugerð.

Eigi þarf að fjölyrða um eðli og tilgang frumvarpsins. Stjórnarskrá Íslands felur í sér að fullt tjáningarfrelsi skuli ríkja í landinu. Hefur svo verið að því er hið prentaða mál varðar. Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða.

Ákvæði íslenskra laga um tjáningarfrelsi eru í samræmi við vestrænar lýðræðisvenjur. En þó hefur Ísland dregist aftur úr á einu sviði og beinlínis lagt hömlur á tjáningarfrelsið umfram það, sem þekktist í öðrum lýðræðisríkjum. Er það í sambandi við rekstur hljóðvarps- og útvarpsstöðva í eigu annarra aðila en ríkisins. Enn húa Íslendingar við tæplega hálftrar aldar fyrirkomulag í þessum efnum — fyrirkomulag sem var í sjálfu sér eðlilegt á bernskuskeiði þessa rekstrarforms hér á landi, þegar fjármagn var af skornum skammti og reynsla lítil í framkvæmd þessara mála. Er óhætt að segja, að Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp, hafi gegnt hlutverki sínu af mikilli prýði, og er frumvarp þetta ekki flutt til að kasta neinni rýrð á þessa fjölmiðla né starfsemi þeirra.

Tímar eru nú hins vegar gjörbreyttir frá því er einkaleyfi Ríkisútvarpsins var ákveðið árið 1930 og kröfur fólks allt aðrar og meiri. Í flestum lýðræðisríkjum eru nú starfræktar margar útvarps- og hljóðvarpsstöðvar. Eru þær ýmist í eigu hins opinbera eða félaga og einstaklinga. Reynslan af þessu fyrirkomulagi hefur verið góð. Notendur þessara fjölmiðla hafa notið meiri fjölbreytni í efnisvali vegna aukinnar samkeppni á sama tíma sem fleiri hafa fengið tækifæri til að verða virkir þátttakendur á þessu sviði.

Á síðasta áratug hafa orðið ótrúlegar tækniframfarir í útsendingu á tali, tónum og myndum. Hið sama gildir um viðtökutækni þess eðlis er hér um ræðir. Sem dæmi má nefna, að án mikils tilkostnaðar má koma upp staðbundnum útsendingum á sviði hljóðvarps og sjónvarps, sem mundu auka mjög á fjölbreytni í efnisvali, auk þess sem unnt er með fjölgun stöðva að fullnægja kröfum um aukna fræðslu á sviði almennra og staðbundinna mála.

Áhersla er lögð á að fyllsta hlutleysis sé gætt í stjórnámálum við útsendingu efnis með svipuðum hætti og nú tíðkast í útsendingum Ríkisútvarpsins. Skulu hinar frjálsu útvarpsstöðvar stuðla að almennri menningarþróun þjóðarinnar og efla íslenska tungu. Þær skulu m. a. flytja efni á sviði lista, bókmennta, vísinda og trúarbragða, efla alþýðumenntun og veita fræðslu um hin fjölbreytilegustu efni. Þá skal þeim heimilt að halda uppi fréttapjónustu. Útvarpsstöðvarnar skulu í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Þær skulu virða tjáningarfrelsi og gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum í opinberum málum. Hið sama gildir gagnvart stofnunum, félögum og einstaklingum.

Um rekstrarréttindi og skyldur útvarpsstöðva í eigu einstaklinga og félaga fer að öðru leyti eftir íslenskum lögum. Með reglugerð setur ráðherra nákvæmar reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara mála, þ. á m. ákvæði er heimila útvarpsstöðvunum að selja auglýsingar eða útsendingartíma, m. a. vegna fræðslu- og kynningarefnis sem innlendir aðilar kynnu að vilja koma á framfæri. Þá er nauðsynlegt að setja ákvæði er girða fyrir að erlent fjármagn renni til rekstrar slíkra útvarpsstöðva.

Með frumvarpi þessu eru lögð drög að því, að á Íslandi ríki hliðstætt tjáningarfrelsi og þekktist í vestrænum lýðræðisríkjum á sviði hljóðvarps og sjónvarps. Það er spor í áttina að auknu frelsi fólksins frá miðstýringarvaldi embættis- og stjórnámalanna á þessu sviði.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í upphafi greinarinnar er hugtakið útvarpsstöð skilgreint í viðtækari merkingu en gert hefur verið til þessa. Er orðið útvarpsstöð hér látið ná til allra fyrirtækja og stofnana, sem annast útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt.

Þá er með grein þessari afnuminn einkaréttur Ríkisútvarpsins til útsendinga með framangreindum hætti. Ráðherra er samkvæmt greininni heimilt að veita öðrum aðilum leyfi til að reka útvarps- og sjónvarpsstöðvar að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Lagagreinin gerir ráð fyrir því, að í starfi dagskrárstjóra útvarpsstöðva geti verið menn er hafa starfsreynslu á hliðstæðu sviði og dagskrárstjórar útvarps og sjónvarps hafa, svo sem hjá dagblöðum. Skulu rekstrarleyfi veitt til ákveðins tíma, en endurnýjast sjálfkrafa, séu þau eigi afturkölluð áður en gildistími rennur út.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér heimild til handa útvarpsstöð til að reisa sendistöð og útvarpsstöðvar og flytja inn, eiga og reka senditæki, viðtæki og fleira, sem nauðsynlegt er vegna starfrækslu slíkrar stöðvar.

Um 3. gr.

Greinin fjallar um skyldur útvarpsstöðvar varðandi efnisflutning o. fl. Áhersla er lögð á tjáningarfrelsi og óhlutdrægni og að þær stöðvar, er rekstrarleyfi kunna að hljóta, haldi í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur. Greinin er ítarleg og þarfnast ekki nánari skýringar.

Um 4. gr.

Grein þessi á við um kjör í útvarpsráð Ríkisútvarpsins. Er hún í stórum dráttum í samræmi við gildandi lagaákvæði, að því viðbættu, að starfssvið útvarpsráðs er útvíkkað með tilliti til hinna nýju aðstæðna er skapast við aukið frelsi á sviði útvarpsmála í landinu. Útvarpsráð verður, auk annarra skyldustarfa, ráðgefandi aðili gagnvart Alþingi og ríkisstjórn um allt er að útvarpsmálum í landinu lýtur.

Um 5. gr.

Greinin kveður á um, að útvarpsráð skuli vera umsagnaraðili gagnvart ráðherra um veitingu leyfa til útvarpsrekstrar annarra stöðva. Þá fjallar hún um með hvaða hætti hægt er að svipta aðila rekstrarleyfi brjóti rekstur útvarpsstöðvar í bága við ákvæði laga og reglugerðar um útvarpsrekstur. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Greinin fjallar um stöðu útvarpsstjóra og atriði er varða yfirstjórn Ríkisútvarpsins. Er greinin það ítarleg, að óþarft er að skýra hana nánar.

Um 8. gr.

Greinin felur í sér að þeim opinberum aðilum, er vegna sérstöðu sinnar ráða yfir sendistöðvum, sé veitt heimild til að leigja nýjum aðilum afnot af tækjabúnaði o. þ. h. eftir því sem aðstæður leyfa. Er hér m. a. um að ræða hugsanleg afnot af rásum vegna útsendingar sjónvarpsefnis.

Um 9. gr.

Hér er um að ræða eðlilega breytingu á 12. gr. laganna vegna afnáms einkaréttar Ríkisútvarpsins á útvarpsrekstri í landinu.

Um 10. gr.

Við 13. gr. laganna bætast ákvæði, er heimilia nýjum útvarpsstöðvum eðlilega tekjuöflun til að standa undir rekstrarkostnaði. Þá er og kveðið á um að rekstrarform stöðvanna ráði með hvaða hætti þær séu reknar varðandi réttindi og skyldur umfram það, sem kveðið er á um í lögum um útvarp.

Um 11.—14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.